

## Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um ferðalán til fjarnema úr Lánaþjóði íslenskra námsmanna.

- Hversu margir fjarnemar hafa stundað nám í Kennaraháskóla Íslands nú í veturn og í fyrravetur?*

Við Kennaraháskóla Íslands er hægt að stunda grunnnám og framhaldsnám. Rétt er að geta þess að nemendur í grunnnámi geta stundað nám við KHÍ í staðnámi eða fjarnámi, en allt framhaldsnám við KHÍ er skilgreint sem fjarnám hvort sem nemendur búa á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess.

Haustið 2007 voru 934 nemendur skráðir í fjarnámi í grunndeild, en 686 nemendur árið á undan.

Í framhaldsnám við KHÍ voru skráðir 629 nemendur haustið 2007, en 505 haustið 2006, og eins og áður segir eru þeir allir skráðir sem fjarnámsnemendur, óháð búsetu.

- Hversu margir af þeim búa innan lands utan höfuðborgarsvæðis hins meira (norðan og austan Hvítánnar)?*

Við skráningu í fjarnám er búseta ekki flokkuð sem norðan og austan Hvítánnar. Hins vegar er flokkað eftir landshlutum, eins og sjá má á meðfylgjandi töflum.

Haustið 2007 voru samtals skráðir 2.318 nemendur við nám í KHÍ, þar af 1.583 í fjarnámi. Þar af voru 687 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 44%.

Í grunnnámi voru skráðir alls 1.689 nemendur, þar af 934 í fjarnámi. Þar af voru 441 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 47%.

Í framhaldsnámi voru 629 nemendur skráðir, allir sem fjarnemar. Þar af voru 246 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 39%.

### Skólaárið 2007–2008.

Samtals nemendur við nám í KHÍ haustið 2007	2.318				
Þar af í fjarnámi	1.563				
Fjarnemar búsettir utan höfuðborgarsvæðisins	687	44%			
Grunnnám	Staðnemar			Fjarnemar	
	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar
Höfuðborgarsvæðið	460	108	568	413	80
Reykjanes	27	6	33	65	7
Vesturland	22	4	26	45	10
Vestfirðir	5	1	6	28	6
Norðurland vestra	9	2	11	40	11
Norðurland eystra	6	1	7	33	9
Austurland	13	6	19	40	4
Suðurland	55	20	75	97	14
Útlönd	8	2	10	30	2
<i>Samtals</i>	<i>605</i>	<i>150</i>	<i>755</i>	<i>791</i>	<i>143</i>
					<i>934</i>

<b>Framhaldsnám</b>	<b>Fjarnemar</b>		
	<b>Konur</b>	<b>Karlar</b>	<b>Samtals</b>
Höfuðborgarsvæðið	320	63	383
Reykjanes	31	7	38
Vesturland	26	5	31
Vestfirðir	16	2	18
Norðurland vestra	13	6	19
Norðurland eystra	29	8	37
Austurland	22	4	26
Suðurland	48	13	61
Útlönd	13	3	16
<i>Samtals</i>	<i>518</i>	<i>111</i>	<i>629</i>

Haustið 2006 voru samtals skráðir 2.170 nemendur við nám í KHÍ, þar af 1.191 í fjarnámi. Þar af voru 570 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 48%.

Í grunnnámi voru skráðir alls 1.665 nemendur, þar af 686 í fjarnámi. Þar af voru 357 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 52%.

Í framhaldsnámi voru 505 nemendur skráðir, allir sem fjarnemar. Þar af voru 259 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 51%.

#### Skólaárið 2006–2007.

Samtals nemendur við nám í KHÍ haustið 2006	2.170					
Þar af í fjarnámi	1.191					
Fjarnemar búsettir utan höfuðborgarsvæðis	570	47,9%				
<b>Grunndeild</b>	<b>Staðnemar</b>		<b>Fjarnemar</b>			
	<b>Konur</b>	<b>Karlar</b>	<b>Konur</b>	<b>Karlar</b>	<b>Samtals</b>	
Höfuðborgarsvæðið	551	117	668	280	49	329
Reykjanes	30	9	39	36	3	39
Vesturland	18	8	26	42	8	50
Vestfirðir	6	2	8	17	4	21
Norðurland vestra	9	5	14	34	5	39
Norðurland eystra	9	6	15	34	7	41
Austurland	17	7	24	36	4	40
Suðurland	52	33	85	75	11	86
Útlönd	12	88	100	40	1	41
<i>Samtals</i>	<i>704</i>	<i>275</i>	<i>979</i>	<i>594</i>	<i>92</i>	<i>686</i>
<b>Framhaldsdeild – fjarnám</b>	<b>Konur</b>	<b>Karlar</b>	<b>Samtals</b>			
Höfuðborgarsvæðið	249	43	292			
Reykjanes	16	7	23			
Vesturland	22	6	28			
Vestfirðir	19		19			
Norðurland vestra	15	8	23			
Norðurland eystra	31	6	37			
Austurland	15	1	16			
Suðurland	39	13	52			
Útlönd	11	4	15			
<i>Samtals</i>	<i>417</i>	<i>88</i>	<i>505</i>			

3. *Hvað er gert ráð fyrir að fjarnemar í Kennaraháskóla Íslands komi oft til Reykjavíkur á önn?*

Hér er einnig munur á nemum í grunnnámi og framhaldsnámi. Að jafnaði er gert ráð fyrir tveimur staðlotum í grunnnámi á missiri. Í framhaldsnáminu eru lotur fyrir hvert námskeið sem nemandi er skráður í en hvert námskeið hefur að jafnaði fimm daga sem raðað er í þrjár lotur.

4. *Hver er fjárhæð ferðaláns innan lands hjá Láanasjóði íslenskra námsmanna?*

Um ferðalán er fjallað í grein 4.12.3 í úthlutunarreglum LÍN 2007–2008. Ferðalán vegna náms á Íslandi hjá LÍN er 13.900 kr. fyrir einstakling (en einnig fæst lán fyrir maka og börn ef svo ber undir). Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði.

5. *Fyrir hvað mörgum ferðum á missiri fæst slíkt ferðalán?*

Ferðalán er veitt vegna einnar ferðar á ári og greiðist út í tvennu lagi, þ.e. með framfærslu-láni í lok haust- og vormissiris.

6. *Er í því láni reiknað með aukakostnaði við framfærslu nemandi meðan á námsdvöl stendur? Ef svo er, hvaða reglur gilda um þann aukakostnað? Ef ekki, er þá gert ráð fyrir slíkum kostnaði í almennu námsláni til fjarnema, og samkvæmt hvaða reglum?*

Nei, ekki er gert ráð fyrir aukakostnaði við framfærslu í staðlotum.

7. *Gefst pessum fjarnemum og öðrum á háskólastigi færi á annarri opinberri aðstoð til áskilinnar námsdvalar, sem samsvari til dæmis svokölluðum dreifþýlisstyrk til framhaldsskólanema?*

Nei, ekki er um slíkt að ræða.